



VILHJÁLMUR  
LÚÐVÍKSSON

Tré ársins 1998

Slútbjörkin  
við Sniðgötu, í mars 1998.



Slútbjörkin í sumarþúningi,  
í júní 1998.

Í húsagarði við Sniðgötu á Akureyri stendur björk ein mikil og hangir limið í löngum slæðum úr víðri krónu þess. Ekki hefur tekist að fá áreiðanlegar upplýsingar um uppruna trésins, en fyrri eigendur hússins, gamlar konur nú látnar, töldu það hafa komið frá ræktunarstöðinni á Hallormsstað með dönskum garðyrkjumanni í kringum 1920. Þetta virðist vera ilmbjörk (*Betula pubescens*) en ekki raunveruleg norræn hengibjörk (*Betula verrucosa*, var. *pendula*). Áhuga-vert væri að vita hvort einhver þekkir til sögu þess og uppruna. Þess má geta að víða í görðum við Munkaþverárgötu, Hamarsstíg og Þórunnarstræti, svo og í garðinum við Grængötu á Akureyri og raunar víðar á Akureyri eru tré með slútandi greinar og hangandi lim þótt ekkert þeirra standist samjöfnuð við þetta tré. Einhver á Akureyri hefur því lagt sig eftir þessu vaxtarlagi birkisins í ræktun fyrr á öldinni. Hver kann þá sögu?

Meðfylgjandi eru tvær myndir af trénu við Sniðgötu. Önnur er tekin í byrjun mars og hin í lok júní, 1998. Þessu tré mætti fjölga með brumfjölgun og láta reyna á hvort hér er komin íslenska hengibjörkin fullsköpuð fyrir íslenska garðeigendur!

Fegurð þessa trés og sérstaða í íslensku umhverfi gerir það verðugt til útnefningar sem tré ársins 1998.

Náttúra Íslands tekur á sig ýmsar myndir.  
Íslenskir ostar eru hrein orkulind  
sem gott er að sækja kraft sinn í.

ÍSLENSKIR  
**OSTAR**  
HREINASTA  
AFBRAGÐ



HVITA HBSÍÐ / GÍA